

Dalabyggð
bt. Þórðar Mús Sigfússonar skipulagsfulltrúa
Miðbraut 11
370 Búðardal
skipulag@dalir.is

Dags. 07.04.2020
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0028
0.5.1

Með erindi dags. 11. mars sl. óskaði Dalabyggð eftir umsögn eða athugasemdum Veðurstofu Íslands varðandi skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2004-2016.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Lögð skal rík áhersla á hina ýmsu þætti náttúruvár við skipulagsgerðina. Til viðbótar þeim þáttum sem nefndir eru í undirkaflanum *Náttúruvá og öryggi* skal bæta við aftakaveðri. Þá skal undirstrikað mikilvægi þess að loftslagsmálin verði tekin föstum tókum og þá m.a. fjallað um hvort líklegt sé að umfang eða tíðni einhverra þátta náttúruvár í sveitarfélaginu breytist vegna loftslagsbreytinga.

Bent skal á að í undirkaflann *Veðurfar* mætti bæta við að í Ásgarði er norðnorðaustanátt algengasta vindáttin og jafnframt algengasta hvassviðrisáttin.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ